



Reykjavíkurborg

20.08.2010



Ungt fólk sem þiggur fjárhagsaðstoð í formi námsstyrks

Nemandi:

Óskar Marinó Sigurðsson

Umsjónarmenn:

Hildigunnur Árnadóttir

Ella Kristín Karlsdóttir



Nýsköpunarsjóður námsmanna

Ungt fólk sem þiggur fjárhagsaðstoð í formi námsstyrks

Óskar Marinó Sigurðsson

Lokaskýrsla til Nýsköpunarsjóðs námsmanna
Ábyrðarmenn: Hildigunnur Árnadóttir og Ella Kristín Karlsdóttir

Reykjavíkurborg
Þjónustumiðstöð Árbæjar og Grafarholts
ágúst 2010

©2010 Óskar Marinó Sigurðsson

Rit þetta má eigi afrita með neinum hætti, svo sem ljósmyndun, prentun, hljóðritun eða á annan sambærilegan hátt, að hluta eða heild, án skriflegs leyfis höfundar.

Formáli

Þessi skýrsla er niðurstaða rannsóknar sem var gerð 7. júní til 20. ágúst 2010. Rannsóknarhópurinn eru námsmenn sem fengu fjárhagsaðstoð í formi námsstyrks, haustið 2006 og 2009. Rannsóknin fór fram á Þjónustumiðstöð Árbæjar og Grafarholts í umsjón Hildigunnar Árnadóttur og Ellu Kristínar Karlsdóttur. Rannsóknin var styrkt af Nýsköpunarsjóð námsmanna og Reykjavíkurborg.

Ég vill þakka Guðrún Ágústu Eyjólfsdóttur fyrir aðstoð með mælikvarða, Pétur Tyrfingssyni fyrir að gefa sér tíma að svara fyrirspurnum og leyfi fyrir notkun á DASS kvarðanum. Einnig vill ég þakka öllum á Þjónustumiðstöð og Árbæjar og Grafarholts.

Óskar Marínó Sigurðsson

Hildigunnur Árnadóttir

Útdráttur

Samanburður á ungu fólki sem fær fjárhagsaðstoð í formi námsstyrks var rannsakað á Þjónustumiðstöð Árbæjar og Grafarholts. 31 þátttakendur voru í tilraunahóp og 96 þátttakendur í samanburðarhóp. Báðir hópanir svöruðu Þunglyndis, kvíða og streitukvarðanum (DASS), Kvarða andlegrar vellíðunar (Affect Balance Scale, ABS), Lífsánægju kvarðanum (SWLS), DSM-IV einkennalista fyrir athyglisbrest með ofvirkni (ADHD Rating Scale – IV), Áfengisneysla og vímuefnanotkun (SMAST-D). Einnig voru nokkrar lýðfræðilegar spurningar lagðar fyrir og voru þær notaðar til að meta félagslega erfiðleika.

Rannsóknin sýndi fram á að tilraunahópurinn væri kvíðnari og að fást við meiri streitu heldur en samanburðarhópurinn. Einnig að tilraunahópurinn ætti við meiri félagslega erfiðleika að stríða. Jafnvel kom fram munur á milli hópa fyrir ofvirkni/hvatvísi en líklegast vegna samslátts við fíknisjúkdóma.

Þegar lífsánægja var skoðuð kom ekki fram munur á milli hópa. Hins vegar þegar hópanir voru skoðaðir fyrir þá sem höfðu fengið sjúkdómagreiningu undanskildum þeim sem höfðu líffræðilegar orsakir t.d. vanvirkur skjaldkirtill kom fram munur á milli hópa í þá átt að samanburðarhópurinn var með lægri lífsánægju heldur en tilraunahópurinn. Jafnvel fannst marktækur munur innan hóps í samanburðarhópnum fyrir sjúkdómagreiningar og þeim sem höfðu ekki sjúkdómagreiningu. Þetta styður þá kenningu að hægt sé að nota lífsánægju kvarðann til að skima eftir geðröskunum.

Ekki kom fram munur á öðrum þáttum eins og áfengis- og vímuefnaneyslu eða andlegri vellíðan einstaklinganna.

Efnisyfirlit

Formáli	2
Útdráttur	4
Fjárhagsaðstoð	8
Námsaðstoð	8
Félagslegir erfiðleikar	9
Námsframvinda	9
Félagsleg ráðgjöf	9
Forvarnargildi í námsaðstoð	10
Áhrifaþættir á námsmönnum	10
Ofvirknisröskun (Attention-Deficit /Hyperactivity Disorder, ADHD):	10
Athyglisbrestur án ofvirkni (Attention-deficit / Hyperactivity disorder, ADHD-PI)	12
Þunglyndi	12
Sértækir námserfiðleikar	13
Lífsánægja	14
Vellíðan	14
Tilgátur og markmið	14
Aðferð	15
<i>Þátttakendur</i>	15
<i>Mælitæki:</i>	15
Kvarði andlegrar vellíðunar (Affect balance Scale, ABS)	15
Þunglyndis, kvíða og streitukvarðinn (Depression Anxiety Stress Scales, DASS)	16
DSM-IV einkennalisti fyrir athyglisbrest með ofvirkni (ADHD Rating Scale-IV)	16
Áfengisneysla og vímuefnanotkun (Short Michigan Alcoholism Screening Test, SMAST-D)	17
Lífsánægjulistinn (Satisfaction With Life Scale, SWLS)	17
Spurningarlist fyrir lýðfræðilegar breytur og félagslega erfiðleika	18
<i>Framkvæmd:</i>	18
<i>Úrvinnsla gagna</i>	19
Niðurstöður	20
Umræða	28

Heimildaskrá	30
Viðauki A – Upplýsingar fyrir þátttakendur rannsóknarinnar	34
Viðauki B – Samþykkisyfirlýsing vegna þátttöku og hljóðbandsupptöku.....	35
Viðauki C – Spurningarlisti.....	36
Viðauki D – Viðtalsvísir	41
Viðauki E – Lýsandi tölfræði	42
Viðauki F – Marktektarpróf	43
Viðauki G – Tíðnitöflur.....	44

Töfluskrá

Tafla 1. Flokkar ADHD-einkenna.....	10
Tafla 2. Greiningarskilmerki fyrir alvarlega þunglyndislotu í DSM-IV-TR.....	13
Tafla 3. Túlkunarviðmið fyrir DASS kvarðann.	16
Tafla 4. Túlkunarviðmið fyrir SWLS kvarðann.	18
Tafla 5. Hlutfall þátttakanda eftir skilyrði 18. grein fjárhagsaðstoðar eftir kynferði.....	20
Tafla 6. Hlutfall alvarleika fyrir þunglyndi, kvíða og streitu eftir kynferði á DASS.....	21
Tafla 7. Hlutfall alvarlega einkenna fyrir athyglisbrest með ofvirkni eftir kynferði.	22
Tafla 8. Hlutfall alvarlega einkenna fyrir athyglisbrest og ofvirkni / hvatvísi eftir kynferði...	23
Tafla 9. Hlutfall heildarskors fyrir áfengis og vímuefnaneyslu (SMAST-D) eftir kynferði...	24
Tafla 10. Hlutfall túlkunarviðmiða fyrir Lífsánægju (SWLS) eftir kynferði.	25
Tafla 11. Hlutfall svar þátttakanda í viðtölunum eftir kynferði.	26
Tafla 12. Lýsandi tölfraði og marktekarpróf fyrir alla kvarða eftir kynferði	42
Tafla 13. Marktekarpróf á milli hópa	42

Námsaðstoð er úrræði sem félagsráðgjafa hafa til þess að virkja einstakling í virkni. Í þessu felst að einstaklingar sem fá fjárhagsaðstoð geta sótt skóla. Aðrir notendur fjárhagsaðstoðar eru þeir sem hafa ekki unnið sér inn réttindi fyrir atvinnuleysisbætur og sjúklingar. Til þess að fá fjárhagsaðstoð þurfa einstaklingar að uppfylla ákveðin skilyrði.

Fjárhagsaðstoð

Skilyrði fyrir fjárhagsaðstoð er að einstaklingar hafi tekjur og eignir undir ákveðnum viðmiðunarmörkum eða eigi við félagslegan vanda að glíma. Í 18. grein reglna um fjárhagsaðstoð er skilgreint hverjir eiga rétt á að fá námsaðstoð. Þar kemur fram að námsstyrki sé heimilt að veita í eftirfarandi tilvikum og miðast við grunnfjárhæð ásamt almennum skólagjöldum, innritunarkostnaði og bókakostnaði.

Til þess að fá námsstyrk þarf viðkomandi að falla undir ákveðin viðmiðunarmörk fyrir námsaðstoð.

Námsaðstoð

Eftirfarandi þrjú flokkar uppfylla skilyrði fyrir námsaðstoð:

- A) Til einstaklinga 18-24 ára, sem hafa ekki lokið grunnskóla eða framhaldsskóla og hafa átt við mikla félagslega erfiðleika að stríða.
- B) Til einstæðra foreldra 18-24 ára, sem hafa ekki lokið grunnskóla eða framhaldsskóla og hafa haft atvinnutekjur undir 1.000.000 undanfarna tólf mánuði. Skilyrði er að umsækjandi hafi átt í félagslegum erfiðleikum.
- C) Til einstaklinga sem hafa verið atvinnulausir án bótaréttar eða þegið fjárhagsaðstoð í sex mánuði og hafa ekki lokið grunnámi sem gefur rétt á námsláni. (Reglur um fjárhagsaðstoð frá Reykjavíkurborg, 2010).

Ef námið telst vera lánshæft hjá Lánasjóði íslenskra námsmanna þá á viðkomandi ekki rétt á námsstyrk. Einnig þarf einstaklingur að leggja inn umsókn tveimur mánuðum áður en nám hefst.

Grundvallar skilyrði í 18. grein reglna í lið a. og b. er að einstaklingur hafi átti í félagslegum erfiðleikum.

Félagslegir erfiðleikar

Félagslegir erfiðleikar felst í að viðkomandi hafi upplifað fleira en eitt af eftirfarandi þáttum á uppvaxtar árum sínum: að efnahagur foreldra með tillit til stuðnings við nám sé undir eða kringum grunnfjárhæð sem er allt að 115.567 kr. fyrir einstaklinga og að allt að 184.097 kr. fyrir hjón eða fólk skráð í sambúð (Reglur um fjárhagsaðstoð frá Reykjavíkurborg, 2010).

Viðkomandi sé kominn frá fjölskyldu sem er brotinn t.d. skilnaður foreldra, lítið samband eða stuðningur frá öðru foreldri. Tíðir búflutningar. Áfengis- og vímuefnaneyslu foreldra eða önnur veikindi. Ofbeldi á heimilinu. Átt við persónulega erfiðleika í uppvexti; einelti í skóla, námserfiðleika, vímuefnaneyslu, nauðgun, ofbeldi, áfall vegna veikinda ungmennis eða foreldra eða nákominn ástvinamissir. Einnig þarf núverandi umhverfisaðstæður að vera þannig háttáð að viðkomandi hafi lítinn eða engan félagslegan- og eða fjárhagslegan stuðning.

Námsframvinda

Námsframvinda er mismunandi eftir nemendum og þörfum hvers og eins. Það er félagsráðgjafi sem metur stöðuna fyrir hvern nemanda. Í flestum tilfellum er miðað við 85% til 95% mætingu. Námsmaður þarf einnig að skila inn mætingarvottorði mánaðarlega og láta vita í tíma ef um veikindi er að ræða. Einkunnum er skilað í annarlokum og er það metið af félagsráðgjafa hvort að viðunandi markmið hafi verið náð.

Markmið er að námið leiði til þess að nemandi geti síðar hafið nám sem er lánshæft hjá Lánasjóði íslenskra námsmanna eða farið út á vinnumarkaðinn. Einnig er skilyrði fyrir skólasókn að námsmaður og umsjónarmaður gera með sér samkomulag um félagslega ráðgjöf.

Félagsleg ráðgjöf

Félagsleg ráðgjöf er skriflegt samkomulag þar sem ráðgjafi og einstaklingur setja sér sameiginleg markmið með ráðgjöfinni, tímasetja samkomulagið og leggja sameiginlega mat á árangur við lok samkomulags (Ársskýrsla Velferðarsviðs Reykjavíkurborgar, 2009).

Markmið með félagslegri ráðgjöf er að veita stuðning vegna persónulegra eða félagslegra vanda. Einnig að veita upplýsingar og leiðbeina um félagsleg réttindamál.

Tilgangurinn er að hjálpa viðkomandi að gerast virkur meðlimur í samfélaginu.

Félagsleg ráðgjöf getur einnig tekist á við samskipti í fjölskyldu, uppeldismál, málefni barna- og unglinga, áfengis- og vímuefnavanda, ættleiðingarmál, fjárhagsvanda fjölskyldunnar, atvinnuleysi, húsnæðisvanda, hjónaskilnaði og sambúðarslit, fötlun, öldrun og forsjár- og umgengnisdeilur (Ársskýrsla Velferðarsviðs Reykjavíkurborgar, 2009)

Forvarnargildi í námsaðstoð

Námsaðstoðin hefur mikilvægt forvarnargildi. Hún ýtir undir félagslega virkni sem hefur æskileg áhrif á starfsemi samfélagsins. Einng felst forvarnargildið í að námið eflir einstaklinginn til sjálfsbjargar og gerir viðkomandi hæfari til atvinnuleitar (Félags- og trygginarmálaráðuneytið, 2009). Aldurshópurinn 18 til 24 ára er sérstaklega viðkvæmur þar sem þessi hópur er búinn að vera skamman tíma á atvinnumarkaði og á því oft lítinn bótarétt. Einnig hefur meirihluti hópsins einungis lokið grunnskóla (Félags- og trygginarmálaráðuneytið, 2009).

Áhrifaþættir á námsmönnum

Nær allir námsmenn hafa einhverja reynslu af þeim þáttum sem verið er að skimast eftir í þessari rannsókn. Það sem skilur þennan hóp af námsmönnum frá öðrum námsmönnum á svipuðu aldursbili er að tilraunahópurinn hefur átt við mikla félagslega erfiðleika að stríða. Nokkrir í þessum hóp eiga við áfengis- og vímuefnavandamál að etja. Einnig hafa sumir innan þessa hóps fengið greiningu fyrir þunglyndi, athyglisbrest með ofvirkni, kvíðaröskun og námsferfiðleika.

Ofvirkniröskun (Attention-Deficit /Hyperactivity Disorder, ADHD)

Ofvirkniröskun eða athyglisbrestur með ofvirkni er taugaþroska röskun sem greinist oftast nær á barnsaldri. Ofvirkniröskun er heilkenni einkenna á sviði hreyfiofviðvirkni, hvatvísi og athyglisbrest sem er í ósamræmi við aldur og þroska (sjá töflu 1) (American Psychiatric Association, 2000; Daníel Þór Ólafsson, Páll Magnússon og Sigurður J. Grétarsson, 2006; Gísli Baldursson, Páll Magnússon og Ólafur Ó. Guðmundsson, 2000). Heilkenni einkenna koma fram um barnsaldur og geta fylgt viðkomandi fram á fullorðinsár.

Tafla 1. Flokkar ADHD-einkenna

Athyglisbrestur

- a) Hugar illa að smáatriðum og gerir oft fljótfærnislegar villur.
- b) Á erfitt með að halda athygli við verkefni eða leiki.
- c) Virðist ekki hlusta þegar talað er beint til hans/hennar.
- d) Fylgir ekki fyrirmælum til enda og lýkur ekki við verkefni.
- e) Á erfitt með að skipuleggja verkefni og athafnir.
- f) Forðast viðfangsefni sem krefjast mikillar einbeitingar (t.d. heimanám og skólaverkefni).
- g) Týnir oft hlutum sem hann/hún þarf á að halda til verkefna sinna eða annarra athafna.
- h) Truflast auðveldlega af utanaðkomandi áreiti.
- i) Er gleyminn/n í athöfnum daglegs lífs.

Hreyfiofþvirkni

- a) Hendur og fætur á sífelldu iði.
- b) Fer úr sæti í skólastofu eða við aðrar aðstæður þar sem ætlast er til kyrrsetu.
- c) Hleypur um eða þrilar óhóflega við aðstæður þar sem slíkt á ekki við.
- d) Á erfitt með að vera hljóð/ur við leik eða tólmstundarstarf.
- e) Er oft stöðugt á ferðinni eða eins og þeytisþjald.
- f) Talar óhóflega mikið.

Hvatvísi

- a) Grípur fram í með svári áður en spurningu er lokið.
- b) Á erfitt með að bíða eftir að röðin er komin að honum/ henni í hópavinnu eða leik.
- c) Grípur fram í eða ryðst inn í samræður.

Landlæknisembættið (2007)

Greining fyrir athyglisbrest með ofþvirkni á fullorðinsárum er ítarleg þroska- og sjúkrasaga. Hamlandi einkenni þurfa að vera komin fram fyrir 7 ára aldur og í fleiri en einum aðstæðum t.d. á heimili, í skóla eða vinnu (APA, 2000; Daníel o.fl., 2006; WHO, 1993). Einnig þarf að útiloka aðrar fylgiraskanir eins og hugrof, lyndis-, kvíða- og persónuleikaraskanir. (APA, 2000; Daníel o.fl. 2006; Gísli Baldursson o.fl., 2000).

DSM-IV-TR greiningarkerfið skiptir ofþvirknisröskunina niður í þrjá undirflokk, blönduð gerð (*Attention-Deficit/Hyperactivity Disorder, Combined Type*), einkenni athyglisbrest ráðandi (*Attention-Deficit/Hyperactivity Disorder, Predominantly Inattentive*) og einkenni ofþvirkni/hvatvísi ráðandi (*Attention-Deficit/Hyperactivity, Predominantly Hyperactive-Impulsive Type*) (APA, 2000). Ofþvirknisröskun er mun algengari hjá strákum en stelpum (Páll Magnússon, Jakob Smári, Hrönn Grétarsdóttir, Hrunn Þrándardóttir, 1999).

Helstu hegðunarmatskvarðar fyrir athyglisbrest með ofþvirkni á Íslandi eru *ADHD Rating Scale* fyrir fullorðna, *Sjálfsmatkvarði Conner-Wells* fyrir unglunga og *ADHD Rating Scale-IV* sem er notaður í þessari rannsókn. (Landlæknisembættið, 2007). Einnig hefur verið notað Kvarðinn Hegðun á heimili (*The home and School Situations Questionnaires*) og Spurningarlisti yfir atferli barna og unglunga á aldrinum 4-16 ára (*CBCL/4-18, YSR & TRF¹ profiles*) (Gísli Baldursson o.fl., 2000).

Fullorðnir einstaklingar með ofþvirknisröskun eru líklegri til að vera minna menntaðir, standa sig verr í vinnu og eiga erfitt með að vinna sjálfstætt. Einnig eru þeir líklegri til að eiga í fjárhagserfiðleikum, byrja fyrir að stunda kynlíf, eiga fleiri rekkjunauta, fá kynsjúkdóma og verða ungir foreldrar (Barkley, 1981).

¹ YSR: Youth Self-Report og TRF: Teacher Report Form

Áhrif ofvirknisröskunar á námsmenn felst í erfiðleikum með að beina athygli að ákveðnum verkefnum, auðtrufluð og eiga mjög erfitt með heimanám. (ADHD samtökin, 2008).

Athyglisbrestur án ofvirkni (Attention-deficit / Hyperactivity disorder, ADHD-PI)

Einstaklingar sem eru með mikinn athyglisbrest en lítil einkenni hreyfiofviðvirkni og hvatvísi eru sagðir vera með athyglisbrest án ofvirkni. Viðkomandi virðist vera mjög rólegur og mjög hægur, oft er talað um vanvirkni. Athyglisbrestur án ofvirkni getur haft alvarlegar afleiðingar á námshæfni og ákveðin gerð minnstruflana hrjáir þessa einstaklinga ásamt kvíða og depurð. Tíðni sértækra námserfiðleika eins og erfiðleikar með lestrargetu og málerfiðleikar er há. Gera má ráð fyrir að þessi hópur greinist síður en hópur sem sýnir mikill einkenni hreyfiofviðvirkni og hvatvísi. (ADHD samtökin, 2008).

Þunglyndi

Þunglyndi er meðal algengustu geðröskunar sem hrjáir fólk og flestir hafa einhverja reynslu af því. Það eru til margar tegundir af þunglyndi t.d. fæðingarþunglyndi eða árstíðarbundið þunglyndi en hér verður aðeins tekið fyrir alvarlegt þunglyndi.

Þegar vanlíðan er orðinn svo mikill að það er farið að hafa áhrif á dagleg störf eins og námsgetu, vinnuþrek og valda truflun á einkalífi er talað um alvarlegt þunglyndi (*major depression*). Þunglyndi er helmingi algengara hjá stelpum en stráku (Ólafur Þór Ævarsson, e.d; Gelder, Mayou og Geddes, 2005).

Félagslegir áhættuþættir fyrir alvarlegt þunglyndi er t.d. hjúskaparstaða en giftir eru með lægri tíðni fyrir alvarlegu þunglyndi heldur en fráskildir (Gelder o.f.l, 2005; Ohayon, 2007). Saga um þunglyndi og áfengisvandamál í fjölskyldu er félagslegur áhættuþáttur (Tómas Zoëga og Gísli Þorsteinsson, 1993). Einnig hafa rannsóknir sýnt fram á að kynferðisleg misnotkun í æsku geti leitt til þess að viðkomandi fá alvarlegt þunglyndi á fullorðinsárum. Að eiga ekki trúnaðarmann er einnig talinn vera áhættuþáttur þunglyndis (Gelder o.f.l, 2005). Mæður með ungbörn og lág laun eru líklegri til að greinast með alvarlegt þunglyndi (Belle og Doucet, 2003).

Þrátt fyrir að þunglyndi virðist vera persónuleg óhamingja einstaklinga, er sú ekki raunin. Þunglyndi getur valdið því að fólk verður ófært um að framfleyta sér og verður einstaklingur að reiða sig á opinberar stofnanir og er því samfélagsvandamál (Pétur Tyrfingsson, 2007).

Tafla 2. Greiningarskilmerki fyrir alvarlega þunglyndislotu í DSM-IV-TR

-
- A. Að minnsta kosti fimm eftirtalinna einkenna hafa verið til staðar í tvær vikur samfleytt og eru breytingar á virkni: Að minnsta kosti eitt af einkennum er (i) þunglyndistilfinning eða (ii) áhugaleysi eða ánægjuleysi.
- 1) Þunglyndistilfinning mestallan daginn og nánast á hverjum degi sem viðkomandi einstaklingur greinir frá eða er öðrum augljóst.
 - 2) Veruleg skerðing á áhuga eða ánægju í öllum eða nær öllum hlutum sem viðkomandi tekur þátt í og stendur yfir mestallan daginn og nánast á hverjum degi.
 - 3) Veruleg breyting á þyngd þegar viðkomandi hefur ekki ákveðið sjálfur að breyta um mataræði. Minnkun eða aukning á matarlyst.
 - 4) Minnkun eða aukning á svefn á hverri nóttu.
 - 5) Óróleiki eða hreyfitregða.
 - 6) Dagleg þreyta eða kraftleysi.
 - 7) Minnimáttarkennd eða óeðlilegt sektarkennd.
 - 8) Skerðing á hæfileika til að hugsa eða einbeita sér á nánast hverjum degi.
 - 9) Endurteknar dauðahugsanir, sjálfsmorðshugsanir án þess að sérstök áætlun sé í huga um sjálfsmorð, eða sjálfsmorðstilraun.
- B. Einkenni uppfylla ekki skilyrði um blandaða lotu (*mixed episode*).
- C. Einkennin valda klínískt merkjanlegri vanlíðan eða skerta virkni í félagslegum aðstæðum, á atvinnumarkaði eða öðrum mikilvægum sviðum.
- D. Einkenni eru ekki tilkominn vegna áhrif lyfja eða lífrænum orsakavaldi t.d. vanvirkum skjaldkirtli.
- E. Einkennin bera ekki vott um sorg t.d. ástvinamissi, einkenni viðhaldast lengur en tvo mánuði eða einkennast af skertri virkni, sjúklegri minnimáttarkennd, sjálfsmorðshugsunum, sturlunareinkennum eða hreyfitregðu.
-

APA, 2000; Tómas Zoëga og Gísli Þorsteinsson 1993; Brynja Björk Magnúsdóttir 2009

Sértækir námserfiðleikar

Námserfiðleikar er almennt hugtak um erfiðleika við lestur, skrift, stærðfræði, rökhugsun, hlustun og tjáningu sem skýrast ekki af þroskahömlun, fötlun, tilfinningalegum erfiðleikum eða vanbúnaði í nánasta umhverfi.

Sértækir námserfiðleikar eru erfiðleikar með lestragetu, stærðfræðigetunni, skriftargetu sem mælast undir aldurssvarandi viðmiðum og er getan mun lægri en vitsmunapróska segir til um (APA, 2000). Sértækir námserfiðleikar eru t.d. lesblinda (dyslexia), skrifblinda (dysgraphia) og stærðfræðiblinda (dyscalculia). Einstaklingar með lesblindu eiga í erfiðleikum með sjálfvirkan lestur og stafsetningu. Lesblinda eldist ekki af fólki. (APA, 2000).

Lífsánægja

Lífsánægja er huglægt mat á hversu ánægð manneskja er með lífið út frá sínum eigin forsendum (Diener o.fl., 1985). Lífsánægju kvarðinn er mjög stuttur og sjálfsmat en í nýlegri rannsókn hefur kvarðinn sýnt fram á að hann getur gefið vísbendingu um að viðkomandi sé að fást við geðröskun eða ekki. Þeir sem eru með geðraskanir eru með lægri lífsánægju. (Arrindell, Nieuwenhuizen og Luteijn, 2001).

Vellíðan

Vellíðan er oft mæld með kvarða sem heitir Kvarði andlegrar vellíðunar og var hannaður af Norman M. Bradburn (Bradburn, 1969). Kvarðinn hefur verið notaður í mörgum rannsóknum. Vellíðan er almennt hugtak sem nær yfir tilfinningar, ánægju á ákveðnu sviði og huglægt mat á lífsánægju (Arrindell o.fl., 2001).

Tilgátur og markmið

Markmið með þessari rannsókn er að skoða námsmenn sem fá námsstyrk í formi fjárhagsaðstoðar. Í þessu felst kortlagning og þarfagreining á stöðu þeirra sem þiggja námsaðstoð. Tilgátur sem eru settar fram eru að tilraunahópurinn sé að fást við fleiri félagslega erfiðleika heldur en samanburðarhópurinn. Tilraunahópurinn sé að skimast með fleiri einkenni raskana og sé með fleiri sjúkdómagreiningar heldur en samanburðarhópurinn. Einnig að tilraunahópurinn sé að skora að öllu jöfnu lægra heldur en samanburðarhópurinn hvað varðar lífsánægju og vellíðan.

Með því að skoða þenna hóp ungs fólks sem fer á námsstyrk er hægt að meta hvað er hægt að bæta varðandi þjónustu við þennan hóp. Hvað forvarnargildi hefur námsaðstoðin og lýsa eiginleikum hópsins.

Meginmarkmið rannsóknarinnar er skoðað hvernig námsaðstoðin nýtist nemum. Einnig hvort að námsaðstoðin hafi úrslita áhrif á framtíð þessa fólks.

Aðferð

Þátttakendur

Tilraunahópur eru einstaklingar sem hafa fengið fjárhagsaðstoð í formi námsstyrks frá Þjónustumiðstöð Árbæjar og Grafarholts og eru á aldursbilinu 18 til 31 ára, fædd á árunum 1979-1992. Úrtak samanstóð af nemendum sem hafa fengið námsstyrk haustið 2006 og haustið 2009. Einstaklingar sem voru fluttir í annað hverfi voru ekki teknir með. Þrír neituðu þátttöku í rannsókn. Ekki náðist í tvo nema og einn var útilokaður vegna aldurs 59 ára. Meðaltal 22,8 og staðalfrávik 3,3. N=31. Svarhlutfall $31/55 = 56,4\%$. Elsti þátttakandi var 31 ára og sá yngsti var 18 ára. Tilraunahópur er með ójafnt kynjahlutfall 9 strákar á móti 22 stelpum.

Samanburðarhópurinn var fenginn hjá Vinnumálastofnun. Verkefnið Ungt fólk til athafna, þar sem ungt fólk á aldrinum 18 - 25 ára fædd á árunum 1985- 1992. Þetta eru einstaklingar sem eru búnir að vera atvinnulausir í meira en þrjá mánuði og mæta á kynningarfund til þess að velja sér virkniúrræði. Þeir sem mæta ekki á kynningarfundinn missa bótaréttinn sinn. Meðaltal var 22,02 og staðalfrávik 1,89. N = 96. Elsti þátttakandi var 25 ára og sá yngsti var 18 ára. Samanburðarhópurinn var með nokkuð jafnt kynjahlutfall eða 47 strákar á móti 49 stúlkum.

Mælitæki:

Kvarði andlegrar vellíðunar (Affect balance Scale, ABS)

ABS kvarðinn er sjálfsmatskvarði sem inniheldur 10 fullyrðingar, fimm atriðanna mæla jákvæðar tilfinningar og fimm neikvæðar tilfinningar. Svarmöguleikar eru tveir, já eða nei. Spurningum er raðað þannig að jákvæðar og neikvæðar fullyrðingar eru á víxl. Viðkomandi er ætla að svara hvort hann hafi fundið fyrir þessum tilfinningum undanfarna viku. Hægt er að fá bæði jákvætt og neikvætt svar við öllum tíu fyllyrðingum (Bradburn, 1969). Viðkomandi fær eitt stig fyrir *já* svar í jákvæðu fullyrðingunum en núll stig fyrir *nei* svar. Svo er gefið eitt stig fyrir *já* svar í neikvæðu fullyrðingunum og núll stig fyrir *nei* svar. Reiknuð er út heildarskor fyrir jákvæðu fullyrðingarnar og dregið frá heildarskor neikvæða hlutans. Síðan er fimm bætt við þá útkomu til að koma í veg fyrir mínus gildi. Þannig eru skorin í þessum kvarða frá 1, minnasta andleg vellíðan til 10, mesta andleg vellíðan. (Schiaffion, 2003; Lewis, McCollam og Joseph, 2000). Meðaleinkunn í Íslensku þýði er 6.2 (Friðrik H. Jónsson, Urður Njarðvík, Guðlaug Ólafsdóttir og Sigurður J. Grétarsson,

2000). Kvarðinn var þýddur á íslensku sem hluti af könnun á lífsgildum Evrópubúa (Friðrik H. Jónsson og Stefán Ólafsson, 1991). Áreiðanleiki í þessari rannsókn fyrir tilraunahópinn var $\alpha = 0,577$ og fyrir samanburðarhópinn $\alpha = 0,466$.

Þunglyndis, kvíða og streitukvarðinn (Depression Anxiety Stress Scales, DASS)

DASS kvarðinn er sjálfsmatskvarði með 42 atriðum sem metur einkenni þunglyndis, kvíða og streitu sem viðkomandi hefur fundið undanfarna viku (Lovibond og Lovibond, 1995). Kvarðinn er einnig til í styttri útgáfu með 21 fullyrðingu. Notast var við lengri útgáfuna í þessari rannsókn. Svarmöguleikar eru á fjögurra punkta stiku sem nær frá *átti alls ekki við mig* (0), *átti við mig að einhverju leyti eða stundum* (1), *átti töluvert vel við mig eða drjúgan hluta vikunnar* (2), *átti mjög vel við mig eða mest allan tímann* (3). Draga átti hring utan um þá fullyrðingu sem átti best við. Stigagjöf er frá 0 til 3 eftir því hverju viðkomandi svaraði. Fullyrðingarnar 42 skiptast jafnt niður á framangreinda þætti. 14 fullyrðingar fyrir þunglyndi, 14 fyrir kvíða og 14 fyrir streitu. Heildarskor fyrir hverja röskun er 42 stig. Túlkun á kvarðanum skiptist niður í fimm flokka eftir alvarleika (sjá töflu 3). Í rannsóknnum sem hafa verið gerð erlendis þá er Íslenska útgáfa DASS kvarðans með sambærileg túlkunarviðmið og í erlendum rannsóknnum sbr. töflu 3 (Björgvin Ingimarsson, 2010). Pétur Tyrfingsson sálfræðingur þýddi og staðfærði kvarðann. Áreiðanleiki í þessari rannsókn fyrir tilraunahópinn var $\alpha = 0,966$. Þunglyndi $\alpha = 0,954$, streita $\alpha = 0,922$ og kvíði $\alpha = 0,876$. Fyrir samanburðarhópinn $\alpha = 0,956$. Þunglyndi $\alpha = 0,938$, streita $\alpha = 0,923$ og kvíði $\alpha = 0,866$.

Tafla 3. Túlkunarviðmið fyrir DASS kvarðann.

Alvarleiki	Þunglyndi	Kvíði	Streita
Eðlilegt	0 – 7	0 – 6	0 – 12
Vægt	8 – 11	7 – 8	13 – 16
Nokkuð	12 – 21	9 – 14	17 – 21
Alvarlegt	22 – 26	15 – 18	22 – 25
Mjög alvarlegt	27 – 42	19 – 42	26 – 42

Björgvin Ingimarsson, 2010

DSM-IV einkennalisti fyrir athyglisbrest með ofvirkni (ADHD Rating Scale-IV)

Er sjálfsmatskvarði sem inniheldur 18 spurningar um einkenni athyglisbrest með ofvirkni hjá fullorðnum síðustu sex mánuði. Oddatölu atriði 1, 3, 5, 7, 9, 11 og 13 skima fyrir einkenni athyglisbrest og sléttartölur 2, 4, 6, 8, 10, 12, 14, 16 og 18 skima fyrir einkenni ofvirkni og

hvatvísi. Svarmöguleikar eru á fjögurra punkta stiku sem nær frá *aldrei eða sjaldan* (0), *stundum* (1), *oft* (2) og *mjög oft* (3). Stigagjöf eru tvöenskönar. Fyrst eru lögð saman stig þátttakenda sem skima fyrir athyglisbrest. Heildarskor á bilinu 0 til 27. Einnig eru lögð saman stig þátttakenda sem skima fyrir ofvirkni og hvatvísi. Heildarskor á bilinu 0 til 27. Næst er reiknað heildarskor fyrir athyglisbrest með ofvirkni á bilinu 0 til 54. Einkenni athyglisbrest með ofvirkni telst vera til staðar ef þátttakendur merktu annaðhvort við *oft* (2) eða *mjög oft* (3) fyrir hvert atriði. Áreiðanleiki telst vera viðunandi, $\alpha > 0,75$ fyrir athyglisbrest og $\alpha > 0,70$ fyrir ofvirkni/hvatvísi. DSM-IV einkennalistinn var þýddur af Páli Magnússyni og Stefáni Hreiðarssyni (Sigríður D. Benediktsdóttir og Sóley D. Davíðsdóttir, 2003). Áreiðanleiki í þessari rannsókn fyrir tilraunahópinn var $\alpha = 0,909$ og fyrir samanburðarhópinn $\alpha = 0,924$.

Áfengisneysla og vímuefnanotkun (Short Michican Alcoholism Screening Test, SMAST-D)

Er skimunarpróf fyrir áfengis- og/eða vímuefnavanda. Kvarðinn er sjálfsmatskvarði sem inniheldur 13 staðhæfingar um áfengis- og vímuefnaneyslu. Þátttakendur eiga að merkja við staðhæfingar hvort það eigi við þá eða ekki. Svarmöguleikar eru tveir, já eða nei. Ef svarandi fær þrjú stig eða fleiri er það vísbending um að viðkomandi gæti átt við áfengis- og/eða vímuefnavanda að stríða. Heildarskor á kvarðanum er á bilinu frá 0 til 13 (Selzer, Vinokur og van Roojen, 1975). Upphaflegur listi skimaði einungis fyrir áfengisneyslu (SMAST). Kvarðinn þykir hafa viðunandi réttmæti og áreiðanleika (Selzer, Vinokur og van Roojen, 1975). Spurningarlistanum var síðar breytt og hann umorðaður til þess að hann næði bæði yfir áfengis- og vímuefnaneyslu og einnig var bætt við spurning í lok listans, þar sem var spurt hvort listinn var fylltur út með tillit til áfengis eða vímuefnaneyslu eða bæði (Guðrún Ágústa Eyjólfsdóttir, 2010). Þýðandi SMAST er Þórarinn Tyrfingsson, yfirlæknir á Vogu. Áreiðanleiki í þessari rannsókn fyrir tilraunahópinn var $\alpha = 0,781$ og fyrir samanburðarhópinn $\alpha = 0,687$.

Lífsánægjulistinn (Satisfaction With Life Scale, SWLS)

Er sjálfsmatskvarði sem metur afstöð fólks til lífsins (Diener, Emmons, Larsen og Griffin, 1985). Listinn inniheldur fimm fullyrðingar. Svarmöguleikar eru á sjö punkta Likert stiku frá *algerlega ósammála* (1), *mjög ósammála* (2), *frekar ósammála* (3), *hvorki né* (4), *frekar sammála* (5), *mjög sammála* (6) og *algerlega sammála* (7). Heildarskor er á bilinu 5 til 35 stig. Túlkun á kvarðanum skiptist niður í sjö flokka eftir alvarleika (sjá töflu 4). Lífsánægjulistinn metur einn þátt, lífsánægju sem skýrði 66% af breytileika í listanum (Pavot og Diener, 1993). Innri áreiðanleiki ensku útgáfu listans telst vera góðir eða oftast nær er

Cronbach's $\alpha > 0,80$ (Hutell og Gustavsson, 2007; Pavot og Diener, 1993; Diener o.fl., 1985). Áreiðanleiki í þessari rannsókn fyrir tilraunahópinn var $\alpha = 0,816$ og fyrir samanburðarhópinn $\alpha = 0,897$.

Tafla 4. Túlkunarviðmið fyrir SWLS kvarðann.

Alvarleiki	Lífsánægja
Mjög Sátt/ur	31 – 35
Sátt/ur	26 – 30
Örlítið sátt/ur	21 – 25
Hlutlaus	20
Örlítið ósátt/ur	15 – 19
Ósátt/ur	10 – 14
Mjög ósátt/ur	5 – 9

Schiaffino, 2003

Spurningarlist fyrir lýðfræðilegar breytur og félagslega erfiðleika

Búinn var til spurningarlisti (sjá viðauka C) til að skima fyrir félagslega erfiðleika sem tók á þáttum eins og einelti, ofbeldi og hvort að viðkomandi hafi fengið sjúkdómagreiningu. Spurningarlistinn innheldur einnig staðhæfingar sem tengjast viðhorfi til félagsráðgjafa, fjölskyldu og vina, heilsufars, námsaðstoð, virkni. Einnig voru margskonar lýðfræðilegar breytur t.d. kyn og aldur. Listinn inniheldur 53 atriði. 12 spurningar og 41 fullyrðingar sem hafa svarmöguleika á fimm punkta Likert stiku frá *mjög sammála* (1), *frekar sammála* (2), *hvorki sammála né ósammála* (3), *frekar ósammála* (4) og *mjög ósammála* (5).

Framkvæmd:

Notast var við meginlegar rannsóknaraðferðir í formi staðlaðra mælikvarða og eigindaleg rannsóknaraðferð í upplýsingarsöfnun í formi viðtala við þátttakendur. Einnig var útbúinn rafrænn spurningarlisti fyrir þá sem sáu sér ekki fært um að mæta í viðtöl en vildu samt taka þátt í rannsókninni. Til þess að tryggja að réttur aðili væri að svara spurningarlistanum þurfti að slá inn sérkóðað lykilorð, sem viðkomandi fékk sent í tölvupósti.

Niðurstöðu kaflanum er skipt í tvo hluta meginlega og eigindlega.

Í meginlega hlutanum var þátttakanda kynnt um heiti rannsóknar, tilgang, trúnað og að þátttakendur geta hætt við þátttöku hvenær sem er, án skýringa. (sjá viðauka A).

Fyrsti spurningarlistinn sem var lagður fyrir var lýðfræði listinn (viðauki C). Eftir þann lista voru lagðir fyrir staðlaðir spurningarlistar, sá fyrsti var DASS spurningarlistinn sem

er hannaður til að meta þunglyndi, kvíða og streitu. Næst var ADHD-Rating Scale IV sem skimar fyrir athyglisbrest með ofvirkni. SMAST-D sem nær yfir áfengisneyslu og vímuefnanotkun. ABS fyrir andleg vellíðan og SWLS fyrir lífsánægju.

Í eigindlega hlutanum var stuðst við viðtalsvísi (viðauki D) sem hefur fimm spurningar. *Er eitthvað sem betur mætti gera varðandi námsaðstoðina?, Afhverju sóttir þú um námsstyrk?, Hvernig heyrðir þú af námsaðstoðinni?, Hver er framtíðarsýn þín?, Hvar sérð þú þig eftir 5 ár?* og í lok viðtals var spurt hvort að viðkomandi vildi bæta einhverju við. Viðtalið var tekið upp og var fengið skriflegt samþykki þátttakanda fyrir hljóðupptöku og þátttöku í rannsókn (sjá viðauka B). Meðaltími við að fylla út spurningarlistana var um 28 mínútur

Úrvinnsla gagna

Notast var við tölfræðiforritið Statistical Package For Social Sciences (SPSS) við úrvinnslu gagna. Einnig var notast við hljóðupptökuforritið Audacity fyrir upptöku í eigindlega hlutanum. Áreiðanleiki (Cronbach's alfa) var reiknaður fyrir öll mælitæki. Óháð t-próf (independent samples t-tests) var reiknað til að athuga marktæk tengsl á milli hópa og innanhóps fyrir samanburðarhópinn. Einnig var Mann-Whitney U prófið reiknað til að athuga tengsl kynferðis í tilraunahópnum. Lýsandi tölfræði var reiknuð fyrir allar breytur.

Í úrvinnslu á DASS kvarðanum kemur fram að ekki má vanta fleiri en tvær fullyrðingar í hverjum undirkvarða og ber því að sleppa að nota svör viðkomandi í útreikningum (Lovibond og Lovibond, 1995).

Niðurstöður

Eins og sjá má í töflu 5 þá eru kynjahlutfallið mjög ójafnt fyrir tilraunahópinn. Meiri hluti af tilraunahópnum samanstendur af einstaklingum sem hafa ekki lokið grunnskóla eða framhaldsskóla og hafa hátt við mikla félagslega erfiðleika eða 54,8%. Næst stærsti hópurinn er einstæðar mæður eða 41,9%. Þær hafa einnig ekki lokið grunnskóla eða framhaldsskóla menntun, hafa átt í miklum félagslegum erfiðleikum og hafa atvinnutekjur undir 1.000.000 síðustu 12 mánuði. Þegar er skoðað fyrir kynjahlutfall sést að strákar uppfylla einungis skilyrði A og meiri hluti af stelpunum uppfylla skilyrði B eða 59,1%. Það var ein stelpa sem uppfyllt skilyrði C fyrir að vera atvinnulaus án bótaréttar eða þegið fjárhagsaðstoð í sex mánuði og hafa ekki lokið grunnnámi sem gefur rétt á námsláni.

Tafla 5. Hlutfall þátttakanda eftir skilyrði 18. grein fjárhagsaðstoðar eftir kynferði

Skilyrði	Kynferði				Samtals	
	Strákar		Stelpur		n	%
	n	%	n	%		
Skilyrði - A	9	100	8	36,4	17	54,8
Skilyrði - B	0	0	13	59,1	13	41,9
Skilyrði - C	0	0	1	4,5	1	3,2
Samtals	9	100	22	100	31	100

Þunglyndis, kvíða og streitukvarðinn

Þegar alvarleiki einkenna er skoðað fyrir þunglyndi, kvíða og streitu (tafla 6) sést að meiri hluti af báðum hópnum eru við eðlileg mörk fyrir þunglyndi eða 74,2% fyrir tilraunahópinn og 72,3 % fyrir samanburðarhópinn. Það eru 12,9% sem eru með einkenni mjög alvarlegs þunglyndis fyrir tilraunahópinn en hins vegar eru 10,6% fyrir samanburðarhópinn.

Það kom enginn munur fram í tilraunahópnum fyrir kynferði á þunglyndi $p > .05$. Einnig fannst ekki munur fyrir kynferði í samanburðarhópnum fyrir þunglyndi $p > .05$. Milli hópa samanburður á þunglyndi leiddi í ljós engan marktækan mun $p > .05$.

Fyrir kvíða kemur fram að flestir eru innan eðlilega marka eða 74,2% fyrir tilraunahópinn og 78,7 fyrir samanburðarhópinn. Það eru hins vegar 9,7% sem sýna mjög alvarleg einkenni kvíða fyrir tilraunahópinn og 4,2% fyrir samanburðarhópinn. Það kom enginn munur fram innanhóps fyrir kynferði í báðum hópum $p > .05$. Hins vegar þegar tilrauna- og samanburðarhópurinn voru bornir saman kom marktækur munur $t(122) = -3,1, p < .05$. Af þessu leiðir að tilraunahópurinn er með meiri kvíða heldur en samanburðarhópurinn. Þegar leiðrétt var fyrir kynferði ná strákar ekki marktækt fyrir kvíða $p > .05$. en munur kom

fram hjá stelpum $t(65) = -2,6, p < .05$. Af þessu má álykta að stelpur í tilraunahópnum séu að fást við meiri kvíða heldur en samanburðarhópurinn.

Fyrir streitu þá eru 58,1% innan eðlilegra marka hjá tilraunahópnum og 79,6% hjá samanburðarhópnum. Það eru 9,7% sem sýna mjög alvarleg einkenni streitu hjá tilraunahópnum og 2,1% fyrir samanburðarhópinn. Innanhóps samanburður á streitu fyrir kynferði í báðum hópum, leiddi í ljós engan mun $p > .05$. Þegar tilrauna- og samanburðarhópur eru bornir saman fyrir streitu kom marktækur munur $t(122) = -3,0, p < .05$. Þegar er búið að leiðrétta fyrir kyn kemur fram að strákar ná ekki marktækt fyrir streitu $p > .05$. en munurinn kemur fram hjá stelpum $t(65) = -2,6, p < .05$. Af þessu má álykta að stelpur í tilraunahópnum eru að fást við meiri streitu heldur en samanburðarhópurinn.

Tafla 6. Hlutfall alvarleika fyrir þunglyndi, kvíða og streitu eftir kynferði á DASS

Alvarleiki	Kynferði											
	Strákar				Stelpur				Samtals			
	Tilrauna hópur		Samanburðar hópur		Tilrauna hópur		Samanburðar hópur		Tilrauna hópur		Samanburðar hópur	
	n	%	n	%	n	%	n	%	n	%	n	%
<i>Þunglyndi</i>												
Eðlilegt	7	77,8	36	73,5	16	72,7	32	68,1	23	74,2	68	72,3
Vægt	1	11,1	0	0	3	13,6	1	2,1	4	12,9	1	1,1
Nokkuð	0	0	7	14,3	0	0	2	4,3	0	0	9	9,6
Alvarlegt	0	0	3	6,1	0	0	3	6,4	0	0	6	6,4
Mjög alvarlegt	1	11,1	3	6,1	3	13,6	7	14,9	4	12,9	10	10,6
Samtals	9	100%	49	100%	22	100%	45	100%	31	100%	94	100%
<i>Kvíði</i>												
Eðlilegt	8	88,9	42	85,7	15	68,2	32	68,1	23	74,2	74	78,7
Vægt	0	0	2	4,1	4	18,2	4	8,5	4	12,9	6	6,4
Nokkuð	0	0	2	4,1	0	0	4	8,5	0	0	6	6,4
Alvarlegt	0	0	0	0	1	4,5	4	8,5	1	3,2	4	4,2
Mjög alvarlegt	1	11,1	3	6,1	2	9,1	1	2,1	3	9,7	4	4,2
Samtals	9	100%	49	100%	22	100%	45	100%	31	100%	94	100%

<i>Streita</i>												
Eðlilegt	7	77,8	40	81,6	11	50,0	34	72,3	18	58,1	74	79,6
Vægt	1	11,1	3	6,1	4	18,2	1	2,1	5	16,1	4	4,3
Nokkuð	0	0	3	6,1	3	13,6	6	12,8	3	9,7	9	9,7
Alvarlegt	0	0	1	2,0	2	9,1	1	2,1	2	6,4	2	2,1
Mjög alvarlegt	1	11,1	1	2,0	2	9,1	3	6,4	3	9,7	4	4,3
Samtals	9	100 %	48	100%	22	100%	45	100%	31	100%	93	100%

DSM-IV einkenalisti fyrir athyglisbrest með ofvirkni

Einkenni athyglisbrest með ofvirkni telst vera til staðar ef viðkomandi hefur fengið hærra en einn á heildarskori kvarðans. Það eru 70% í tilraunahópnum sem sýna einkenni athyglisbrest með ofvirkni og 53,7% fyrir samanburðarhópinn. Það var enginn munur innanhóps fyrir kynferði í báðum hópum fyrir athyglisbrest með ofvirkni $p > .05$. Einnig þegar tilrauna- og samanburðarhópur eru bornir saman fyrir athyglisbrest með ofvirkni var enginn munur $p > .05$.

Tafla 7. Hlutfall alvarlega einkenna fyrir athyglisbrest með ofvirkni eftir kynferði.

Heildarskor	Kynferði											
	Strákar				Stelpur				Samtals			
	Tilrauna hópur		Samanburðar hópur		Tilrauna hópur		Samanburðar hópur		Tilrauna hópur		Samanburðar hópur	
	n	%	n	%	N	%	n	%	n	%	n	%
0	2	25	21	42	7	31,8	23	51,1	9	30	44	46,3
1	2	25	5	10	2	9,1	6	11,1	4	13,3	11	11,6
2	1	12,5	7	14	4	18,2	2	4,4	5	16,6	9	9,5
3	1	12,5	2	4	1	4,5	1	2,2	2	6,7	3	3,1
4	0	0	6	12	1	4,5	3	6,7	1	3,3	9	9,5
5	0	0	2	4	0	0	3	6,7	0	0	5	5,3
6	0	0	2	4	1	4,5	0	0	1	3,3	2	2,1
7	0	0	1	2	1	4,5	2	4,4	1	3,3	3	3,1
8	0	0	1	2	0	0	0	0	0	0	1	1,0
9	0	0	0	0	1	4,5	1	2,2	1	3,3	1	1,0
10	1	12,5	0	0	1	4,5	2	4,4	2	6,7	2	2,1
11	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
12	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
13	0	0	0	0	0	0	1	2,2	0	0	1	1,0
14	1	12,5	2	4	0	0	0	0	1	3,3	2	2,1
15	0	0	0	0	1	4,5	1	2,2	1	3,3	1	1,0
16	0	0	0	0	1	4,5	0	0	1	3,3	0	0
17	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
18	0	0	1	2	0	0	0	0	0	0	1	1,0
Samtals	8	100%	50	100 %	22	100%	45	100 %	30	100%	95	100%

Þegar athyglisbrestur og ofvirkni/hvatvísi er skoðað eru 51,7% sem sýna einkenni athyglisbrest í tilraunahópnum og 43,2% í samanburðahópnum. Fyrir ofvirkni/hvatvísi eru það 58,6% í tilraunahóp sem sýna einkenni og 43,2% í samanburðarhópnum. Það kom enginn munur fram innanhóps fyrir kynferði í báðum hópum fyrir athyglisbrest og ofvirkni/hvatvísi $p > .05$. Þegar tilrauna- og samanburðahópur eru bornir saman kom enginn munur fram fyrir athyglisbrest en hins vegar kom fram marktækur munur á milli hópa fyrir ofvirkni/hvatvísi $t(123) = -6,8, p < .001$. Þegar leiðrétt var fyrir kynferði var marktækt hjá strákum $t(56) = -2,7, p < .05$. og stelpum $t(65) = -3,8, p < .001$. Af þessu má álykta að strákar og stelpur í tilraunahópnum er að sýna fleiri einkenni ofvirkni/hvatvísi heldur en samanburðarhópur.

Tafla 8. Hlutfall alvarlega einkenna fyrir athyglisbrest og ofvirkni / hvatvísi eftir kynferði

Heildarskor	Kynferði											
	Strákar				Stelpur				Samtals			
	Tilrauna hópur		Samanburðar hópur		Tilrauna hópur		Samanburðar hópur		Tilrauna hópur		Samanburðar hópur	
	n	%	n	%	n	%	n	%	n	%	n	%
<i>Athyglisbrestur</i>												
0	5	62,5	28	56	9	42,8	26	5,8	14	48,3	54	56,8
1	1	12,5	6	12	3	14,3	5	11,1	4	13,8	11	11,6
2	0	0	5	10	3	14,3	3	6,7	3	10,3	8	8,4
3	0	0	6	12	1	4,8	5	11,1	1	3,4	11	11,6
4	0	0	1	2	1	4,8	2	4,4	2	6,9	3	3,1
5	0	0	0	0	0	0	1	2,2	0	0	1	1,0
6	0	0	2	4	1	4,8	1	2,2	1	3,4	3	3,1
7	1	12,5	1	2	0	0	2	4,4	1	3,4	3	3,1
8	0	0	0	0	1	4,8	0	0	1	3,4	0	0
9	1	12,5	1	2	1	4,8	0	0	2	6,9	1	1,0
Samtals	8	100%	50	100%	21	100%	45	100%	29	100%	95	100%
<i>Ofvirkni/hvatvísi</i>												
0	2	25	27	54	10	47,6	27	60	12	41,4	54	56,8
1	2	25	8	16	5	23,8	7	13,3	7	24,1	15	15,8
2	2	25	6	12	1	4,5	4	8,9	3	10,3	10	10,5
3	1	12,5	3	6	1	4,5	1	2,2	2	6,9	4	4,2
4	0	0	2	4	0	0	2	4,4	0	0	4	4,2
5	1	12,5	1	2	0	0	1	2,2	1	3,4	2	2,1
6	0	0	0	0	1	4,5	1	2,2	1	3,4	1	1,0
7	0	0	1	2	3	14,3	1	2,2	3	10,3	2	2,1
8	0	0	1	2	0	0	1	2,2	0	0	2	2,1
9	0	0	1	2	0	0	0	0	0	0	1	1,0
Samtals	8	100%	50	100%	21	100%	45	100%	29	100%	95	100%

Áfengisneysla og vímuefnaneyslu

Þrjú stig eða hærra á SMAST-D kvarðanum bendir til þess að viðkomandi gæti átt við áfengis og/eða vímuefnaneyslu að stríða. Eins og sjá má í töflu 9 þá eru 56,7% innan eðlilegra marka fyrir tilraunahópin og 74,3% fyrir samanburðarhópin.

Ekki fannst munur á milli kynja fyrir tilrauna- og samanburðarhóp $p > .05$. Einnig fannst ekki munur fyrir áfengis og vímuefnaneyslu á milli hópa $p > .05$.

Tafla 9. Hlutfall heildarskors fyrir áfengis og vímuefnaneyslu (SMAST-D) eftir kynferði.

Heildarskor	Kynferði											
	Strákar				Stelpur				Samtals			
	Tilrauna hópur		Samanburðar hópur		Tilrauna hópur		Samanburðar hópur		Tilrauna hópur		Samanburðar hópur	
	n	%	n	%	N	%	n	%	n	%	n	%
0	4	50	12	25	9	41	21	47,7	13	43,3	33	35,9
1	0	0	11	22,9	2	9,1	5	11,4	2	6,7	16	17,4
2	0	0	11	22,9	2	9,1	8	18,2	2	6,7	19	21
3	0	0	3	6,2	1	4,5	2	4,5	1	3,3	5	5,4
4	2	25	3	6,2	0	0	1	2,3	2	6,7	4	4,3
5	0	0	4	8,3	0	0	1	2,3	0	0	5	5,4
6	1	12,5	1	2,1	0	0	0	0	1	3,3	1	1,1
7	0	0	0	0	1	4,5	1	2,3	1	3,3	1	1,1
8	0	0	0	0	3	13,6	0	0	3	10	0	0
9	0	0	2	4,2	1	4,5	0	0	1	3,3	2	2,2
10	0	0	1	2,1	1	4,5	2	4,5	1	3,3	3	3,3
11	0	0	0	0	2	9,1	1	2,3	2	6,7	1	1,1
12	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
13	1	12,5	0	0	0	0	2	4,5	1	3,3	2	2,2
Samtals	8	100%	48	100%	22	100%	44	100%	30	100%	92	100%

Lífsánægjustíttinn

Tafla 10 sýnir lífsánægju þátttakanda eftir því hversu sátt þau eru með lífið. Flestir í tilrauna- og samanburðarhópnum eru örlítið sátt eða 38,7% fyrir tilraunahópin og 31,1% fyrir samanburðarhópin. Hins vegar eru 29% ósátt í tilraunahópnum og 20,4% sem eru sátt í samanburðarhópnum. Sem bendir til þess að að samanburðarhópurinn ($\bar{x} = 22,6$) sé örlítið sáttari með lífið heldur en tilraunahópurinn ($\bar{x} = 21,3$). Ekki fannst munur fyrir kynferði innan beggja hópa $p > .05$. Einnig var ekki munur á milli hópa fyrir lífsánægju $p > .05$.

Hins vegar þegar lífsánægja var borin saman við þá sem sögðust hafa fengið sjúkdómgreiningu (geðraskanir, fíknsjúkdómar og lesblinda) að undanskildum þeim sem höfðu líffræðilegar orsakir t.d. vanvirkur skjaldkirtill. Þá kom fram marktækur munur fyrir

lífsánægju innan samanburðarhópsins $t(91) = -2,4$, $p < .05$. Af þessu leiðir að þeir sem höfðu sjúkdómagreiningu í samanburðarhópnum voru með lægri lífsánægju heldur þeir sem höfðu hana ekki.

Leiðrétt var fyrir kynferði og ekki fannst marktækt hjá strákum $p > .05$. en hjá stelpum kom fram munur $t(43) = -2,5$ $p < .05$. Af því leiðir að stelpur sem höfðu sjúkdómagreiningu voru með lægri lífsánægju heldur en strákar sem höfðu sjúkdómagreiningu.

Lífsánægja og sjúkdómagreining í tilraunahópnum leiddi í ljós engan mun $p > .05$. Samanburður var gerður á milli tilrauna- og samanburðarhóps og kom þá í ljós marktækur munur á milli hópa fyrir sjúkdómagreiningar $t(91) = 2,4$, $p < .05$. Af þessu má álykta að samanburðarhópurinn var að skora lægra á lífsánægju heldur en tilraunahópurinn fyrir sjúkdómagreiningar.

Tafla 10. Hlutfall túlkunarviðmiða fyrir Lífsánægju (SWLS) eftir kynferði.

Lífsánægja	Kynferði											
	Strákar				Stelpur				Samtals			
	Tilrauna hópur		Samanburðar hópur		Tilrauna hópur		Samanburðar hópur		Tilrauna hópur		Samanburðar hópur	
n	%	n	%	n	%	n	%	n	%	n	%	
Mjög ósátt/ur	0	0	2	4,2	1	4,5	1	2,2	1	3,2	3	3,2
Ósátt	0	0	4	8,3	2	9,1	5	11,1	2	6,5	9	9,7
Örlítið ósátt/ur	4	44,4	8	16,7	5	22,7	8	17,8	9	29,0	16	17,2
Hlutlaus	0	0	4	8,3	0	0	2	4,4	0	0	6	6,5
Örlítið sátt/ur	2	22,2	19	35,6	10	45,5	10	22,2	12	38,7	29	31,1
Sátt/ur	2	22,2	9	18,8	4	18,2	10	22,2	6	19,4	19	20,4
